Byggðastofnun
Þróunarsvið

Dagsetning
*27.2.2007*

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Efni: Matsáætlun Norðausturvegar til Vopnafjarðar.

Óskað er eftir umsögn Byggðastofnunar um skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar til Vopnafjarðar. Hlutverk Byggðastofnunar er að stuðla að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast umsögnin við það.

Það er mat Byggðastofnunar að skýrslan lýsi vel breytingum á samgöngum til og frá Vopnafirði sem verða með tilkomu vegarins. Vegurinn verður opinn allan ársins hring sem er mikil breyting frá núverandi ástandi. Auk þess að gera ferðalög íbúanna auðveldari, má nefna auðveldari flutninga á aðföngum og afurðum á svæðinu og aukna möguleika í ferðaþjónustu.

Byggðastofnun telur að fjallað sé um þau atriði sem varða byggð og atvinnulíf með fullnægjandi hætti.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar*

**Heimilisfang** Ártorgi 1 **Sími** 455 5400 **Bréfsími** 455 4477 **Netfang** gg@byggdastofnun.is **Heimasíða** http://www.byggdastofnun.is
550 Sauðárkróki